

Fótboltafár

BÆKUR

Örsögur

Fótboltasögur (tala saman strákar)

eftir Elísabetu Jökulsdóttur. Mál og menning 2001, 77 bls. Fallegt umbrot (EJ hjá Eddu hf) og smekklegr bókarkápa eftir Snorra Ægisson.

Sú goðsögn er lífseig að konur hafi engan skilning á fótboltaáhuga eiginmanna sinna, í þeirra augum er hann tímaþjófur sem stöðugt klípur af samverustundum hjóna og fjölskyldu. Mömmur eiga þó oft stóran þátt í frama fótboltadrengranna, þær mæta á æfingarnar og hvetja sína menn, þvo skítug íþróttafötin og táfúla takkaskóna, baka til styrktar félaginu og þramma með klósettrúllur til sölu í húsin í kring. Ekki hefur fótolti þótt skáldlegur hingað til en Elísabet Jökulsdóttir er afar sérstæður prósa höfundur sem ekki fer troðnar slóðir í verkum sínum. Hún hefur einkum skrifað örsögur og ljóð en auk þess eina skáldsögu, Laufeyju, sem út kom 1999. Nú ryðst Elísabet fram á völlinn með örsagnasafn sem nefnist Fótboltasögur og tileinkar sonum sínum verkið.

Sérstaða Elísabetar sem skálds og frásagnartækni hennar njóta sín vel, fótboltasögur hennar eru ferskar, léttar og leikandi, sagðar í belg og biðu (oft án greinarmerkja). Sögurnar eru íronískar og oft felst broddurinn í tungumálinu sjálfu, orðaleikjum eða þversögnum. Margt spennandi og óvenjulegt er á ferð í þessari bók. Í fyrsta lagi er það kona sem skrifar sögurnar og er þar með komin inn á verksvið eða yfirráðasvæði sem jafnan er talið tilheyra körlum fyrst og fremst; í öðru lagi verður tungumál innvígðra skáldlegt og táknrænt í sögunum; og síðast en ekki síst fá gömlu fótoltatuggurnar og klisjurnar nýtt samhengi, öðlast nýtt líf. Nefna mætti Kantmanninn (18) sem dæmi en um hann segir: „...það var eins og enginn hefði áttað sig á því að hann væri kantmaður af lífi og sál og enginn virtist heldur átta sig á sálarlífi kantmanna enda væri hann ekkert að hampa neinu sérstöku sálarlífi, hann vildi bara fá að koma á óvart, og búa eitthvað til svona utanfrá og koma því svo inn; þetta var alveg eins og þegar hann kynntist konunni sinni, hún hefði auðvitað haldið að hún væri að reyna við hann og hefði alls ekki gert sér grein fyrir því að hann var búinn að senda á hana... (18-19).

Sjúkraþjálfarinn er miðja allra sagnanna. Þreyttir, sveittir, vonsviknir eða sigurglaðir koma leikmennirnir til hans og trúa honum fyrir andlegri og líkamlegri líðan sinni. Þessum körlum finnst þeir vera vanmetnir eða eru einmana og ástlausir (t.d. miðjumaðurinn og vinstri bakvörðurinn). Hlutverk sjúkraþjálfarans er ekki aðeins að nudda aum hné og bóligna vöðva og kæla eða hita þreytta líkamshluta. Fyrst og fremst er hann hlustandi – eiginleiki sem verður æ sjaldgæfari – og sálfræðingur. Hlutverk leikmannanna ýmist endurspeglar eðli þeirra sjálfra og tilfinningar eða stangast harkalega á við þessa þætti. Þá skapast gríðarleg spenna sem mennirnir eiga oft erfitt með að vinna úr. Dómarinn er t.d. viðkvæmur eins og öræfablóm (55) og hefur fyrir löngu skrúfað fyrir öll skilningarvit út af skítkasti og svívirðingum sem yfir hann dynja. Varamaðurinn er örmagna þar sem hann þarf að lifa við sífellda óvissu um hvenær hann fái að koma inná, hann er sífellt á varðbergi og röddin þanin eins og háspennulína (38). Potarinn liggur undir ámæli um að skora ljót mörk og vera „annars flokks markaskorari“ þótt það sé hann sem puði mest í leiknum. Honum tekst

stundum að að pota inn einni og einni sögu (40). Svíperinn saumar upp í öll göt á leiknum eins og saumakonan amma hans (67) og svo mætti lengi telja.

Fótboltasögur Elísabetar feta að nokkru leyti í slóð Fever Pitch, frægrar skáldsögu um mann sem elskar heilt fótboltalið og eina konu og hvernig hann tæklar það (sagan var kvikmynduð með Colin Firth í aðalhlutverki). Í sögum Elísabetar blandast tvö ólík svið saman á nýstárlegan hátt; þær snúast um fótboltann og fárið í kringum hann en ekki síður um sálarlíf og tilfinningar, tungumál og veruleika – og þær hitta flestar í mark.

Elísabet Jökulsdóttir
2001